

REGLUGERÐ um Þjóðgarðinn Snæfellsjökull

1. gr.

Um friðlýsinguna

Reglugerð þessi er um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Snæfellsbæ, sem stofnaður var 28. júní 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Í þessu felst m.a. að náttúra þjóðgarðsins fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er um leið og almenningi er gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Þjóðgarðurinn er fyrsti þjóðgarður landsins sem nær að sjó og hefur þá sérstöðu að geyma minjar frá útræði fyrri alda.

Strönd Snæfellsness er fjölbreytileg þar sem skiptast á grýttir vogar, strendur með ljósum eða svörtum sandi og snarbrattir sjávarhamrar með iðandi fuglalífi um varptímam. Láglandið innan þjóðgarðsins er að mestu hraun sem runnið hafa frá Snæfellsjökli eða eldvörpum á láglandi. Hraunin eru víðast þakin mosa en inn á milli má finna fallega, skjólsæla bolla með gróskumiklum gróðri. Láglandið á sunnanverðu Snæfellsnesi er forn sjávarbotn sem risið hefur frá því ísöld lauk. Hamrabeltin upp af láglandinu eru því gamlir sjávarhamrar.

Snæfellsjökull gnæfir tignarlegur yfir umhverfinu og greinilega má sjá hvernig hraunstraumar og hraunfossar hafa runnið niður eftir hlíðum hans. Undirfjöll hans, svo sem Hreggnasi, Geldingafell og Svörtutindar, eru margbreytileg að lögun. Eysteinsdalur gengur upp frá láglandinu að norðanverðu en þar er komið í annað landslag, dal girtan fjöllum sem kalla á göngufúsa fætur. Ofar í landinu og nær Jökulhálsi eru vikurflákar og land sem er nýlega komið undan jökli.

Nokkrir fallegir fossar eru á svæðinu. Klukkufoss er við rætur Hreggnasa og er stuðlaberg allt um kring. Nokkru austar, í Blágili, falla tveir fossar í einn hyl og hafa þeir verið nefndir Þverfossar.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var m.a. höfð hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), loftslagssamningi Sameinuðu Þjóðanna, (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993) og samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993).

Hið friðlýsta svæði er 182 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda til framtíðar stórt og lítt snortið svæði sem hefur að geyma sérstætt landslag, lífríki og jarðminjar, þannig að náttúra svæðisins fái að þróast eftir eigin lögmálum svo sem kostur er.

Friðlýsingin miðar jafnframt að því að vernda heildstæð náttúruleg tegunda- og vistkerfi, gróðurfar, jarðmyndanir, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið.

Þá miðar friðlýsingin að því að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins

Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þjóðgarðsins.

Áhersla á aðgang almennings og fræðslu um náttúru og sögu svæðisins tengist beint markmiði b-liðar 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá stuðlar friðlýsingin að því að verndarmarkmið 2. gr. laganna náist, einkum b-liðar sem og einnig verndarmarkmið a-, b- og d-liðar 3. gr. laganna.

3. gr.

Mörk þjóðgarðsins

Mörk þjóðgarðsins eru sýnd á korti meðfylgjandi reglugerð og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Innan þjóðgarðsins er skilgreint svæði, svæði A, þar sem veiðar á rjúpu eru heimilar, sbr. 16 gr.

4. gr.

Stjórn og umsjón þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun fer með stjórn þjóðgarðsins og hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Með Umhverfisstofnun starfar þjóðgarðsnefnd sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipar og í eiga sæti fulltrúi frá Umhverfisstofnun, hlutaðeigandi sveitarstjórn, Minjastofnun Íslands og Ferðamálasamtökum Snæfellsness. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk þjóðgarðsnefndar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og áherslur fyrir þjóðgarðinn, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn, ásamt endurskoðun og breytingar á henni og önnur stefnumótandi mál er varða þjóðgarðinn, s.s. um þjónustu og atvinnustefnu í þjóðgarðinum.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja á svæðinu skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal fjallað um stjórn og umsjón þjóðgarðsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Þjóðgarðsvörður

Umhverfisstofnun ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglega umsjón og rekstur þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal hafa reynslu og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að virtar séu þær reglur sem gilda um þjóðgarðinn og annast samskipti við lögreglu og önnur stjórnvöld vegna brota.

Þá annast þjóðgarðsvörður fræðslu og upplýsingagjöf, situr fundi þjóðgarðsnefndar, ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins, þar á meðal landverði og skipuleggur starf þess. Einnig tekur þjóðgarðsvörður þátt í gerð og endurskoðun atvinnustefnu og áætlana fyrir þjóðgarðinn, þ.m.t. stjórnunar- og verndaráætlunar, fræðsluáætlunar og öryggis- og neyðaráætlunar og önnur þau verkefni sem falla undir starf þjóðgarðsvarðar.

6. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað um umsjón svæðisins, landvörslu, verndaráðgerðir, verndun jarðminja, verndun gróðurs og dýralífs, framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær, landnotkun, framkvæmdir og viðhald mannvirkja, rannsóknir

og vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga, umgengni, umferð og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fólks með fötlun, veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við sveitarstjórn og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

7. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í þjóðgarðinum í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun hefur umsjón með gerð og framkvæmd fræðsluáætlunar um þjóðgarðinn. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um verndargildi svæðisins, sérstöðu svæðisins og þær umgengisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu og gerð fræðsluáætlunar í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn.

9. gr.

Verndun landslags

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir, sbr. 13. gr., skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands.

10. gr.

Verndun jarðminja

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi, sbr. 13. gr.

Nánar skal fjallað um verndun jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs

Vernda skal lífríki þjóðgarðsins, líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi svæðisins.

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi eða gáleysi.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi lífverur innan þjóðgarðsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þjóðgarðsins, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Unnið skal að því að fjarlægja ágengar framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn í þjóðgarðinn eða berast inn í hann.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs, framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær í stjórnunar- og verndaráætlun.

12. gr.

Vernd menningarminja

Um verndun menningarminja fer samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

13. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki.

Í þjóðgarðinum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist.

Landnotkun skal vera sjálfbær og miða skal að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun þjóðgarðsins og öryggi gesta. Mannvirki skulu falla vel að landslagi.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna athafna og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski eða truflun fyrir lífríki eða umferð um verndarsvæðið, s.s. ljósmyndun, kvikmyndagerð, viðburðir og samkomuhald eða önnur verkefni.

Sauðfjárbeit er heimil innan þjóðgarðsins. Umhverfisstofnun er heimilt, í samráði og samvinnu við Snæfellsbæ, að takmarka sauðfjárbeit þegar hún er talin ógna gróðurþekju svæðisins.

Viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Umferð og dvöl

Almenningi er heimil för um þjóðgarðinn en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Forðast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða.

Ávallt skal fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum, slóðum eða vegum eftir því sem auðið er.

Umferð reiðhjóla er aðeins heimil á skilgreindum hjólastígum og vegum.

Fólki sem ferðast fótgangandi eða hjólandi með allan sinn farangur er heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á skilgreindum tjaldstæðum, sbr. stjórnunar- og verndaráætlun. Ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða, skipulagða hópferð eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Lausaganga hrossa er óheimil. Ríðandi umferð er aðeins heimil á skilgreindum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum.

Hundar og önnur gæludýr skulu höfð í taumi innan marka þjóðgarðsins, að undanskildum vinnuhundum, og þess skal gætt að dýrin séu undir tryggri stjórn og að þau valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega og merktra slóða, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Óheimilt er að lenda flugvélum, þyrlum og öðrum mönnum loftförum utan skilgreindra lendingarstaða innan þjóðgarðsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna/flugmódelar) er óheimil á varptíma innan þjóðgarðsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Nánari reglur um notkun fjarstýrðra loftfara skal setja í stjórnunar- og verndaráætlun þar sem m.a. skal skilgreina varptíma. Þrátt fyrir framangreint er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, landhelgisgæslu og sambærilegra verkefna og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir innan friðhelgunarsvæða menningarminja. Að öðru leyti skal farið samkvæmt reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka þjóðgarðinum, í heild eða að hluta, í verndarskyni í samræmi við 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Heimilt er að setja reglur um fjöldatakmarkanir og ítölur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið í heild eða hluta.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar helst eins og verið hefur.

Nánar skal fjallað um umferð og dvöl á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun, þ.m.t. skilgreiningu á hjóla-, reið- og göngustígum, lendingarstöðum og tjaldstöðum.

15. gr.

Um gengni um þjóðgarðinn

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan marka þjóðgarðsins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

Gestum þjóðgarðsins er óheimilt kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum. Skyllt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ytrustu varkárni í meðferð elds og eldunartækja.

Skyllt er gestum þjóðgarðsins að hlíta fyrir mælum þjóðgarðsvarðar og landvarða hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Þjóðgarðsverði og landvörðum er heimilt að vísa úr þjóðgarðinum hverjum þeim er brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar eða reglum sem um svæðið gilda.

16. gr.

Veiði og notkun skotvopna

Veiðar eru óheimilar innan þjóðgarðsins, að undanskildu svæði A, sem sýnt er á meðfylgjandi korti, þar sem rjúpnaveiðar eru heimilaðar samkvæmt almennum reglum þar um.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum sveitarfélagsins og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Öll önnur meðferð skotvopna er bönnuð innan þjóðgarðsins, að undanskildum veiðum á framandi ágengum tegundum í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

17. gr.

Starfsemi í þjóðgarðinum.

Til að stuðla að sjálfbærri starfsemi í þjóðgarðinum er öll starfsemi sem krefst aðstöðu innan þjóðgarðsins háð leyfi og eftirliti Umhverfisstofnunar. Starfsemi innan þjóðgarðsins skal vera í samræmi við gildandi atvinnustefnu þjóðgarðsins hverju sinni.

Tillaga að nýrri reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul

Við mat á leyfisumsóknum skal Umhverfisstofnun m.a. taka mið af verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar, ástandi svæðisins og innviðum, framlagi viðkomandi starfsemi til sjálfbærrar þróunar og mögulegum áhrifum starfseminnar á náttúruauðlindir og náttúrugæði þjóðgarðsins, ásýnd svæðisins og upplifun gesta.

Nánar skal fjallað um starfsemi innan þjóðgarðsins og skilyrði í atvinnustefnu sem er hluti stjórnunar-og verndaráætlunar.

18. gr.

Undanþágur

Um undanþágur frá ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

19. gr.

Viðurlög

Um brot á reglum þessum fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul nr. 568/2001, með síðari breytingum.